

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Reykjavík

Hafnarfjörður 22. júlí 2022
Tilv. 2021-10-19-2620/2.3.1

Efni: Varðar framkvæmdir við Hringveg (1) um Hornafjörð / Hornafjarðarfljót

Með tölvupósti þann 19. október 2021 óskaði Vegagerði eftir framlengingu á gildistíma leyfis Fiskistofu fyrir nýjum vegkafla Hringvegarins um Hornafjörð milli bæjanna Hólms og Haga, dags. 3. maí 2017 (Tilv. 0015/2017 - 2. 5). Umrætt leyfi gildir til loka september 2022. Einnig var óskað sértaklega eftir því að í nýju leyfi yrði skýrt kveðið á um takmarkanir fyrir framkvæmdatíma sem taki mið af hugsanlegum áhrifum þeirra á lífríkið. Með beiðni um framlengingu á gildistíma fylgdi upplýsingar um framkvæmdina, yfirlitmyndir og umsögn Hafrannsóknastofnunar (dags. 17. nóvember 2021). Jafnframt því fylgi beiðninni endurúttegfið framkvæmdaleyfi Sveitafélagsins Hornafjarðar, dags. 12. nóvember 2021. Veiðifélag Hornafjarðar er ekki starfandi og því liggur afstaða veiðifélagsins ekki fyrir vegna framkvæmdanna.

Með fyrri umsókn (dags. 15. mars 2017) fylgdu ítarlegar upplýsingar um framkvæmdina og skýringarmyndir, skýrsla Veiðimálastofnunar frá 2006 um áhrif lagningar vegarins á fiskstofna og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdanna frá 2009. Jafnframt fylgdi umsókninni framkvæmdaleyfi Sveitafélagsins Hornafjarðar vegna framkvæmdarinnar. Fram kom að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag.

Þeir þættir framkvæmdarinnar sem eru háðar leyfi Fiskistofu snúa að framkvæmdum við veiðivötn, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Til þeirra teljast brúar- og ræsisframkvæmdir og efnistaka við veiðivötn. Ráðgert er að gera brýr yfir: Djúpá (52 m), Hornafjarðarfljót (250 m), Hoffellsá (114 m) og Bergá (52 m). Gert er ráð fyrir 27 ræsum með fyrirhugaðri veglagningu. Efnistaka vegna framkvæmdanna sem eru háðar leyfi Fiskistofu við Grjótá (Náma 3: 25.000 rúmmetrar), Hornafjarðarfljót (Náma 5: 450.000 rúmmetrar), Hólmsá (Náma 1: 50.000 rúmmetrar) og Djúpá (Náma 2: 200.000 rúmmetrar). Fram kemur í upplýsingum með beiðni um framlengingu að Djúpárnáma hefi verið flutt fjarvegi Djúpár, miðað við fyrri áform.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 17. nóvember 2021, um framkvæmdina koma m.a. fram ráðleggingar varðandi tilhögun framkvæmda og ábendingar um tíma árs sem myndi henta best fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir.

Að teknu tilliti til niðurstöðu skýrslu um mat á umhverfisáhrifum, skýrslu Veiðimálastofnunar frá 2006, umsagnar Hafrannsóknastofnunar (dags. 17. nóvember 2021) og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum fellst Fiskistofa á að Vegagerðin geri nýjan veg um Hornafjörð milli bæjanna Hólms og Hagabreyti (3b) í samræmi við umsókn. Brýr verði gerðar yfir Djúpá (52 m), Hornafjarðarfljót (250 m), Hoffellsá (114 m) og Bergá (52 m). Ræsi verði gerð í samræmi við umsókn (dags. 15. mars 2017). Opnun brúa og ræsa verði með þeim hætti að tryggð verði eðlileg vatnsskipti sem tálma ekki fiskför.



Fiskifræðingur meti, að framkvæmdum loknum, hvort ræsi/brýr séu fiskgeng. Brugðist verði við ábendingum og frágangur ræsa/brúa lagaður ef tilefni verður til þess.

Heimild er veitt vegna efnistöku við Grjótá, Hornafjarðarfljót, Hólmsá og Djúpa í samræmi við umsókn.

Framkvæmdatími og önnur skilyrði verði eftirfarandi:

1. *Svæði austan Djúpár*

- a. Fiskifræðingur meti, að framkvæmdum loknum, hvort ræsi séu fiskgeng. Brugðist verði við ábendingum og frágangur ræsa lagaður ef tilefni verður til þess.

2. *Djúpárnámur*

- a. Framkvæmdatími: Ekki takmarkaður.
- b. Lögð verði ræsi/brú á meðan framkvæmdum stendur, til að þvera farveg, sem síðan verði tekin að framkvæmdum loknum, í samræmi við tilmæli Hafrannsóknstofnunar. Frágangur verði þannig að aðstæður fyrir fiskigengd verði tryggð.

3. *Brúargerð yfir Djúpa*

- a. Framkvæmdatími: Vatni verði ekki veitt úr farvegi sínum eða til baka í upphaflegan farveg á tímabilinu 1. október – 30. júní.

4. *Grjótárnáma*

- a. Framkvæmdatími: Ekki takmarkaður.

5. *Þverun Hornafjarðarfljóts*

- a. Framkvæmdatími 1 – Útlagning fyllingar: Ekki verði unnið að útlagningu fyllingar á tímabilinu 1. maí – 30. júní.
- b. Framkvæmdatími 2 – Útlagning fyllingar: Raski í farvegi árinna verði haldið í lágmarki 15. júlí – 15. október.
- c. Framkvæmdatími 3 – Brúarsmíði: Ekki takmarkaður.

6. *Vogurinn milli Hríseyjar og Árnanes (Hoffellsá)*

- a. Framkvæmdatími 1 – Útlagning fyllingar: Ekki verði unnið að útlagningu fyllingar á tímabilinu 1. maí – 30. júní.
- b. Framkvæmdatími 2 – Útlagning fyllingar: Raski í farvegi árinna verði haldið í lágmarki 15. júlí – 15. október.
- c. Framkvæmdatími 3 – Brúarsmíði: Ekki takmarkaður.
- d. Góð vatnsskipti verði tryggð eins og kostur er á öllum framkvæmdatímanum í samræmi við tilmæli Hafrannsóknstofnunar.



7. *Voginn milli Árnarness og Dilksness (Bergá)*

- a. Framkvæmdatími 1 – Útlagning fyllingar: Ekki verði unnið að útlagningu fyllingar á tímabilinu 1. maí – 30. júní.
- b. Framkvæmdatími 2 – Útlagning fyllingar: Raski í farvegi árinna verði haldið í lágmarki 15. júlí – 15. október.
- c. Framkvæmdatími 3 – Brúarsmíði: Ekki takmarkaður
- d. Góð vatnsskipti verði tryggð eins og kostur er á öllum framkvæmdatímanum í samræmi við tilmæli Hafrannsóknstofnunar.
- e. Lögð verði ræsi/brú á meðan framkvæmdum stendur, til að þvera farveg, sem síðan verði tekin að framkvæmdum loknum, í samræmi við tilmæli Hafrannsóknstofnunar.

8. *Hólmsárnáma*

- a. Framkvæmdatími: Ekki takmarkaður.
- b. Efni verði tekið utan við virkan farveg árinna.

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (20.500 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 44/2022. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Fiskistofa bendir á eftirfarandi:

- *Uppfylla þarf lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum áður er framkvæmd hefst.*
- *Framkvæmdir við veiðivötn kunna að vera háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitafélags.*
- *Framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.*

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs